

**Samþykktir
fyrir**

Stafi - lífeyrissjóð

Efnisyfirlit

I. KAFLI – HLUTVERK, SKIPULAG OG ÁVÖXTUN SJÓÐSINS	3
1. gr. Nafn sjóðsins og heimili.....	3
2. gr. Hlutverk sjóðsins	3
3. gr. Deildaskipting	3
4. gr. Um aðild að lifeyrissjóði og sjóðfélaga.....	3
5. gr. Stjórn	5
6. gr. Ársfundur	7
7. gr. Reikningar og endurskoðun	9
8. gr. Tryggingafræðileg athugun	9
9. gr. Ávöxtun fjár sjóðsins	10
10. gr. Iðgjöld	10
11. gr. Grundvöllur lífeyrisréttinda.....	12
II. KAFLI – SAMTRYGGINGARDEILD	14
12. gr. Eftirlaunálífeyrir	14
13. gr. Örorkulífeyrir	14
14. gr. Makalífeyrir.....	17
15. gr. Barnalífeyrir	18
III. KAFLI – SÉREIGNARDEILD	19
16. gr. Séreignardeild.....	19
IV. KAFLI – ÝMIS ÁKVÆÐI.....	21
17. gr. Iðgjaldagreiðslur falla niður	21
18. gr. Endurgreiðsla iðgjalta.....	21
19. gr. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl	21
20. gr. Tilhögun lífeyrisgreiðslna	21
21. gr. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.....	22
22. gr. Málsmeðferð og gerðardómur	22
23. gr. Eftirlit	22
24. gr. Samningar við tryggingafélög um heilsutryggingar.....	22
25. gr. Breytingar á samþykktunum	22
V. KAFLI – GILDISTAKA	24
26. gr. Gildistaka	24
VI. KAFLI – BREYTINGAR Á ÁUNNUM RÉTTINDUM OG ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA	25
27. gr. Breytingar á áunnum réttindum.....	25
28. gr. Ákvæði til bráðabirgða.....	25
VII. KAFLI – TÖFLUR	26
Tafla I	26
Tafla II	27
Tafla III	28

I. KAFLI – HLUTVERK, SKIPULAG OG ÁVÖXTUN SJÓÐSINS

1. gr. Nafn sjóðsins og heimili

1.1 Sjóðurinn heitir Stafir lífeyrissjóður. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Hlutverk sjóðsins

2.1 Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykkta þessara.

2.2 Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Einnig starfar lífeyrissjóðurinn á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir sambærileg lágmarksréttindi og þar greinir miðað við jafnar greiðslur iðgjalda í 40 ár. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

3. gr. Deildaskipting

3.1 Sjóðurinn starfar í tveimur aðaldeildum.

3.1.1 Samtryggingardeild. Í samtryggingardeild greiðast lögboðin eða samningsbundin iðgjöld, sbr. gr. 10.

3.1.2 Séreignardeild, sbr. gr. 16.

3.2 Halda skal fjárhag deilda aðskildum. Rekstrarkostnaði sjóðsins skal skipt milli deilda í hlutfalli við umfang hvorar deildar samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur. Deildirnar bera ekki fjárhagslega ábyrgð hvor á annarri.

4. gr. Um aðild að lífeyrissjóði og sjóðfélaga

Lífeyrissjóðurinn var upphaflega stofnaður árið 1939 og hefur aðild að honum byggt á því að hann er fyrirtækjasjóður, sbr. ákvæði 4. A. Eftir samruna Lífeyrissjóðsins Lífiðn við Samvinnulífeyrissjóðinn árið 2006 byggir aðild að lífeyrissjóðnum einnig á ákvæðum kjarasamninga, sbr. ákvæði gr. 4. B. Þá getur aðild að lífeyrissjóðnum byggt á almennum forsendum, sbr. gr. 4. C.

Um aðild að sjóðnum og sjóðfélaga skal fara með eftifarandi hætti:

A. Um aðildarfyrirtæki og sjóðfélaga sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum.

4.1. Aðildarfyrirtæki sjóðsins eru fyrirtæki og einstaklingar sem áttu skylduaðild að Samvinnulífeyrissjóðnum samkvæmt lögum, samþykktum og kjarasamningum við stofnun Samtaka atvinnulífsins (SA) þann 15. september 1999, en SA yfirtók alla kjarasamninga Vinnumálasambandsins (VMS) og Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ) við samruna VSÍ og VMS með stofnun SA, sbr. ályktun stofnfundar SA um afstöðu til lífeyrissjóðsmála.

4.2. Sjóðfélagar eru:

AN D
JÓ VET GEF
EY J DU

4.2.1. Sjóðfélagar geta verið allir starfsmenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og starfa hjá ofangreindum aðildarfyrirtækjum.

4.2.2. Þeir sem njóta eftirlauna- eða örorkulífeyris, þeir sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjald til sjóðsins og eiga hjá honum réttindi eins og nánar er mælt fyrir um í samþykktum þessum.

B. Um sjóðfélaga aðra en starfsmenn aðildarfyrirtækja:

4.3. Sjóðfélagar eru:

4.3.1 Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og byggja starfskjör sín á kjarasamningum talinna stéttarfélaga sem ákvarða lágmarkskjör í viðkomandi starfsgreinum á því svæði sem samningarnir taka til eða njóta ráðningarbundinna starfskjara sem byggð eru á kjarasamningum þessara félaga: Aðildarfélaga Rafiðnaðarsambands Íslands (RSÍ) og Matvæla- og veitingafélags Íslands (MATVÍS).

4.3.2. Aðilar, sem hvorki eru bundnir kjarasamningum nefndra stéttarfélaga né njóta ráðningarbundinna starfskjara sem byggð eru á kjarasamningum, en óska eigi að síður eftir aðild að sjóðnum er heimil aðild að honum.

4.3.3. Þá eru enn fremur sjóðfélagar þeir sem njóta eftirlauna- eða örorkulífeyris, þeir sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjald til sjóðsins og eiga hjá honum réttindi eins og nánar er mælt fyrir um í samþykktum þessum.

4.3.4. Aðrir launamenn, sem óska aðildar að sjóðnum og stjórn sjóðsins veitir heimild til aðildar.

C. Almenn ákvæði um aðild, sjóðfélaga, tryggingavernd o.fl.

4.4 Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kynferðis.

4.5 Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími skv. 13. - 15. gr. skal reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni.

4.6 Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessum sjóði, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Brottfall aðildar skulu aðildarfélög sjóðsins tilkynna skriflega með 6 mánaða fyrirvara og miðast við áramót.

4.7 Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um sameiningu þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við sameininguna og jafnframt að hann sé ekki bættur á

Alta
Jóvök
Ett
Ett
X
D

kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna. Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að selja öðrum lífeyrissjóðum tryggingavernd og hafa samstarf við aðra lífeyrissjóði um einstaka þætti tryggingaverndar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að bjóða sjóðfélögum og öðrum aðilum samninga um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað í samræmi við lög nr. 129/1997 og gera samninga við þá aðila sem uppfylla skilyrði 3.mgr. 8.gr. nefndra laga um einstaka þætti viðbótartryggingarverndar og rekstur séreignardeilda.

4.8 Peir sem greiða til séreignardeilda eru rétthafar þeirrar deildar. Um réttindi þeirra og skyldur gilda ákvæði 16. gr.

4.9 Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð.

5. gr. Stjórn

5.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð fulltrúum launamanna og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Stjórnin skal skipuð átta mönnum og skulu fjórir kjörnir af fulltrúum launamanna, þar af tveir frá RSÍ, einn frá MATVÍS og einn á grundvelli fyrirtækjaaðildar sbr. gr. 4.1. ásamt öðrum sem ekki tilheyra framangreindum félögum og fjórir af samtökum atvinnurekenda. Kjörtímabil stjórnar er til þriggja ára og skulu allir stjórnarmenn kjörnir þriðja hvert ár. Jafnmargir skulu kjörnir af hvoru kyni úr hvorum hópi, nema samkomulag sé um annað og að það samkomulag tryggi að jafnmargir af hvoru kyni sitji í stjórn sjóðsins óháð því hver kýs þá eða tilnefnir.

5.1.1 Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilnefndir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins og vera jafn margir af báðum kynjum nema samkomulag sé um annað og að það samkomulag tryggi að jafnmargir af hvoru kyni séu kosnr eða tilnefndir til setu í stjórn sjóðsins óháð því hver kýs þá eða tilnefnir. Einn fulltrúi í stjórn skal tilnefndur að höfðu samráði við Samtök rafverktaka, einn að höfðu samráði við Samtök ferðaþjónustunnar og einn skal koma úr röðum aðildarfyrirtækja sjóðsins, sbr. gr. 4.1. En fjórði stjórnarmaðurinn skal tilnefndur án sérstaks samráðs. Láti stjórnarmaður af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, skal framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins tilnefna nýjan stjórnarmann samkvæmt sömu skilyrðum og áður og skal hann sitja út kjörtímabil fráfarandi stjórnarmanns.

5.1.2 Fulltrúar launamanna skulu kjörnir á sérstökum kjörfundi sem haldinn skal minnst viku fyrir ársfund lífeyrissjóðsins, sbr. ákvæði 6.3.1. Um rétt til að greiða atkvæði á þeim fundi fer eftir gr. 6.3.1. Þeir einstaklingar sem flest atkvæði fá, og uppfylla kröfur í þau stjórnarsæti sem kosið er til teljast kjörnir í stjórn lífeyrissjóðsins. Láti stjórnarmaður af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, skal kjörnefnd tilnefna nýjan stjórnarmann samkvæmt gr. 5.1. og skal hann sitja út kjörtímabil fráfarandi stjórnarmanns. Eigendur fyrirtækja, æðstu stjórnendur, stjórnarmenn og aðilar nákomnir þeim geta ekki orðið fulltrúar launamanna í stjórn. Framboð til stjórnar skulu afhent kjörnefnd sem skipuð er samkvæmt gr. 5.1.3. í síðasta lagi tveimur vikum fyrir kjörfund.

5.1.3 Fulltrúar launamanna skulu hafa starfandi kjörnefnd er annast framkvæmd kosninga til stjórnar og úrskurðar í ágreiningsmálum. Hún skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir kjörnir á kjörfundi. Kjörtímabilið eru þrjú ár og hefst ári áður en kjörtímabili sitjandi stjórnar sjóðsins lýkur. Fulltrúar launamanna kjörnir til setu á ársfundum skulu setja kjörnefndinni starfsreglur.

Fj. Völ. 2017
SÍN Á GEFH. 0
AO

5.2 Ákvæði gr. 5.2 er nú hluti af gr. 5.1.

5.3 Stjórnarmenn lífeyrissjóða skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa óflekkad mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarriki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarriki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Fjármálaeftirlitið setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann. Stjórnarmenn lífeyrissjóðsins mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annan lífeyrissjóð. Starfsmönnum lífeyrissjóðsins er ekki heimilt að sitja í stjórn hans. Þrátt fyrir ofangreint ákvæði getur starfsmaður annars eftirlitsskylds aðila tekið sæti í stjórn lífeyrissjóðsins ef hann er kosinn eða skipaður úr hópi sjóðfélaga. Undanþága þessi á þó ekki við um stjórnendur og lykilstarfsmenn eftirlitsskyldra aðila eða ef hinn eftirlitsskyldi aðili annast rekstur lífeyrissjóðs eða eignastýringu hans að hluta eða öllu leyti. Slík undanþága er þó háð staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Aukin meirihluti stjórnar skal skipuð virkum sjóðfélögum. Um hæfi stjórnarmanns til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaganna, nr. 37/1993.

5.4 Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og sjóðfélaga (launþega) hafa á hendi formennsku og varaformennsku til skiptis eitt ár í senn. Formaður boðar varmenn á stjórnarfundi þegar þurfa þykir. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmað þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna eru mættir eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef þess er óskað.

5.5 Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn skal útfæra og samþykkja áhættustefnu fyrir sjóðinn. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar, endurskoðunarnefnd eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast skipulagningu innri endurskoðunar. Stjórn skal einnig móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.

5.5.1 Framkvæmdastjóri skal vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæður, hafa óflekkad mannorð og má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota. Hann má ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum

laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Framkvæmdastjóri skal vera búsettur hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

5.5.2 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og fyrirmæli sem stjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjórin er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfundi.

5.5.3 Stjórnin veitir og asturkallað prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

5.6 Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn, og að fengnu samþykki hennar.

5.6.1 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.

5.6.2 Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðanda allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins, sem óskað er eftir.

5.6.3 Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að öðru leyti eftir grein 5.5.1.

5.7 Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmunu að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmunu að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Skylt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi samkvæmt framansögðu.

5.7.1 Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmunu, umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðsins, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitnesku um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

6. gr. Ársfundur

6.1 Fyrir júnílok ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar sjóðsins og hefur hann æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í samþykktum þessum. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrælsi og tillögurétti. Stjórn

TAN
JÖ
VÍT
GEH
D
X
EWT
OH

skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórn sjóðsins boða til ársfundar með auglýsingi í a.m.k. einu dagblaði og útvarpi sem hafa dreifingu á landsvísu með minnst 3 vikna fyrirvara.

6.2 Stjórn sjóðsins getur boðað til aukaársfundar. Um boðun fundarins vísast í gr. 6.1.

6.3 Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins annars vegar og fulltrúar launamanna hins vegar fara með jafnan fjölda atkvæða á ársfundi, 39 atkvæði hvor.

6.3.1. Fulltrúar sjóðfélaga skulu vera 39 að tölu. Skiptist fjöldi þeirra milli þriggja hópa eftir aðild þeirra að sjóðnum. Í fyrsta lagi þeirra sem greiða til sjóðsins á grundvelli kjarasamninga RSÍ, í öðru lagi þeirra sem greiða á grundvelli kjarasamninga MATVÍS og í þriðja lagi þeirra sem greiða á grundvelli fyrirtækjaaðildar sbr. gr. 4.1. ásamt öðrum sem ekki tilheyra ofangreindum félögum. 30 fulltrúum skal skipt á milli ofangreindra hópa í sama hlutfalli og fjárhæð greiddra lífeyrissjóðsiðgjalda á síðasta almanaksári frá hverjum hópi. Hver hópur um sig ákveður hvernig fulltrúaval fer fram innan sinna raða og skal hann njóta aðstoðar starfsmanna lífeyrissjóðsins eftir þörfum. Níu fulltrúar skulu kosnir í sömu hlutföllum með almennri rafrænni kosningu iðgjaldagreiðenda. Kjörnefnd Stafa skal gefa út reglur um rafrænt stjórnarkjör, fyrirkomulag, framboð og framboðsfresti, til kynningar og samþykkis í fulltrúaráði. Upplýsingar um hversu marga fulltrúa hver hópur skal skipa skulu liggja fyrir hjá sjóðnum eigi síðar en einum mánuði fyrir kjörfund. Hver fulltrúi kjörinn samkvæmt framansögðu fer með eitt atkvæði við kjör fulltrúa launamanna í stjórn sjóðsins og með 1/39 hluta atkvæða fulltrúa launamanna á ársfundi. Kjörtímabil fulltrúa launamanna á ársfundi eru þrjú ár og skulu þeir kjörni sama ár og stjórnarkjör fer fram hjá sjóðnum. Eigendur fyrirtækja, æðstu stjórnendur fyrirtækja, stjórnarmenn og aðilar nákomnir þeim geta ekki orðið fulltrúar launamanna á ársfundi.

6.3.2. Fulltrúar atvinnurekenda á ársfundi skulu kosnir eftir þeim reglum sem framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins setur. Þeir skulu vera 39 talsins og hver þeirra skal fara með eitt atkvæði á ársfundinum af þeim 39 sem um ræðir í 6.3.

6.3.3. Listi með nöfnum fulltrúa og varamanna á ársfundi skal afhentur stjórn viku fyrir boðaðan ársfund sjóðsins. Af hálfu samtaka atvinnulífsins skal koma fram fjöldi atkvæða sem hver fulltrúi fer með á fundinum.

6.3.4. Heimilt er að veita umboð til að fara með atkvæðisrétt við forföll, þó getur enginn fulltrúi farið með fleiri atkvæði en tvö á ársfundi.

6.4 Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og sjóðfélaga greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá einfaldan meirihluta í hvorum hópi fyrir sig svo að samþykkt sé lögmæt. Ef óskað er eftir skiptri atkvæðagreiðslu skal fundarstjóri verða við þeirri ósk.

6.5 Á ársfundi skal tekið fyrir:

6.5.1 Skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins á liðnu starfsári, sbr. 41. gr. laga nr.129/1997.

Stjórn
Samtaka
atvinnulífsins
ársfundi
129/1997
Eftir

6.5.2 Kynning ársreiknings.

6.5.3 Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun, sbr. 24. gr. laga nr. 129/1997.

6.5.4 Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.

6.5.5 Laun stjórnarmanna

6.5.6 Stjórmarkjör, samkvæmt grein 5.1.

6.5.7 Kjör endurskoðanda

6.5.8 Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Með tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 25. greinar.

6.5.9 Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

7. gr. Reikningar og endurskoðun

7.1 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og skal hann gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

8. gr. Tryggingafræðileg athugun

8.1 Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag samtryggingardeildar og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Athugunin skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til sliks starfs. Fyrir 15. maí ár hvert skal senda Fjármálaeftirlitinu hina tryggingafræðilega athugun. Tryggingafræðileg athugun skal framkvæmd í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997.

8.2 Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðilegu athugun tekur mið af.

8.3 Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga, skv. 8.2, er meiri en heimilaður er í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997, er stjórn lífeyrissjóðsins skytt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum hans.

8.4 Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur samtryggingardeildar er ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum, samkvæmt 8.2, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, sem grípa skal til, enda finnast ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag deildarinnar. Ekki er þó hægt að lækka réttindi meira en að þeim lágmarksréttindum, sem deildinni er skytt að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2.

REK
FOVST ECH.
D
EWT A DFT

8.5 Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur samtryggingardeil·lar er svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við viðurkeindar tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hennar muni ekki duga fyrir skuldbindi. Þegum miðað við þau lágmarksréttindi, sem lífeyrissjóðnum er skylt að veita, sbr. grein 2.2. Skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingarsjóð eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrissjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins.

9. gr. Ávöxtun fjár sjóðsins

9.1 Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingastefnu sjóðsins og sér um ráðstöfun á fjármagni hans og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.

Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingastefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni, sem gerðar eru í ófrávirkjanlegum ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla I. nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma.

9.2 Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingastefnu þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaformum, sbr. gr. 9.1. Þar skal enn fremur koma fram markmið m.a. um dreifingu eigna, tímалengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins.

9.3 Á ársfundi skal stjórnin leggja fram fjárfestingastefnu og gera grein fyrir breytingum frá fyrra ári, svo og leggja fram fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár.

10. gr. Iðgjöld

10.1 Lágmarksíðgjald til sjóðsins skal vera í samræmi við 2. gr. laga nr. 129/1997 eða hærra kveði samningar á um slíkt. Sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4% af iðgjaldsstofni hið minnsta og launagreiðandi að lágmarki 8%. Um ráðstöfun iðgjalds umfram lágmarksíðgjald skal fara að ákvæðum kjarasamninga stéttarfélaga og/eða aðildarfélaga sjóðsins hverju sinni.

10.2 Lágmarksíðgjald samkvæmt 10.1 skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana, fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í friðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrk, dagpeninga og fæðispeninga, sbr. 3.gr. laga nr. 129/1997. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.

10.3 Iðgaldastofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhá fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 58. gr. þeirra laga.

THA
Jó Vöt GEX
D A DV
EWT

10.4 Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjalddagi iðgjalfa hvers mánaðar er 10. dag næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta dráttarvexti eins og þeir ákvarðaðir af Seðlabanka Íslands, sbr. III. kafla vaxtalaga, frá gjalddaga til greiðsludags. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisciðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

10.5 Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

10.6 Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 10.7 og 10.8. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 10. grein laga nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa. (Meðal annars er um að ræða réttindi eigenda, stjórnarmanna og annarra stjórnenda gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenna.)

10.7 Hálfsárslega skal senda greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi sín. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti óski þeir eftir því. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framansögðu að gera sjóðnum án tafar viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Lífeyrissjóðurinn skal samhliða greiðsluyfirliti eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrissrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa eftirlaunalífeyrisaldi.

10.8 Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðenda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil, ekki tilkynnt um að hann hafi hætt starfsemi eða að launþegar sem greiða til lífeyrissjóðsins hafi látið af störfum.

10.9 Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu vanskilavaxta og elstu ógreiddra iðgjalda og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfelli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 10.8 fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og

áfallinna vanskilavaxta á hana.

10.10 Senda skal lokaðvörun til launagreiðenda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaðvörunar.

10.11 Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið, að iðgjöld samkvæmt 10.1 skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð eftirlaunalífeyrir réttindi fyrir maka hans, sbr. 14.7. Þessari skiptingu iðgjalda skal hætt að ósk sjóðfélaga, enda framvísi hann skilríkum um að fjárfélagi hans og maka hans hafi verið slitið eða aðilar gert með sér nýtt samkomulag.

11. gr. Grundvöllur lífeyrisréttinda

11.1 Grundvöllur lífeyrisréttinda sjóðfélaga eru þau iðgjöld sem greidd hafa verið til sjóðsins. Afla þau réttar til eftirlaunalífeyris, örorku-, maka- og barnalífeyris eins og kveðið er á um í greinum 12. til 15. og réttindatöflum sjóðsins. Réttindatöflur sjóðsins sem fylgja samþykktum í viðauka segja til um réttindi til eftirlaunalífeyris fyrir greitt iðgjald og áhrif af breytingu á lífeyrisaldri sbr. ákvæði 12. gr. og skoðast sem hluti af samþykktum þessum.

11.2 Áunnin lífeyrisréttindi í sjóðnum skulu taka sömu breytingum og vísitala neysluverðs til verðtryggingar. Eftir að taka lífeyris hefst skal lífeyrir verðtryggður samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Krónutölur í samþykktum þessum, aðrar en tölur í réttindatöflum Töflu I og Töflu III, breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá gildi hennar í janúar 1996, 174,2 stigum.

11.3 Á hverjum tíma skal við það miðað að iðgjöld standi á hverju aldursskeiði undir þeim réttindum sem veitt eru með réttindatöflum sjóðsins ef miðað er við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli vegna breyttra reikniforsenda, skal stjórn sjóðsins í samráði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur sem lagðar skulu fyrir ársfund til samþykktar. Í tillögunni skal kveðið á um gildistökudag taflnanna og hefur slík breyting réttindataflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistökudag hinna nýju taflna.

11.4 Ekki skal reikna réttindi fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

11.5 Lágmarkstryggingarvernd sem sjóðurinn veitir ákvarðast af innborguðum iðgjöldum og ákvæðum Töflu I. Nánari ákvæði um lágmarkstryggingarvernd er að finna í greinum 12.-15. Iðgjald til öflunar lágmarkstryggingarverndar skal nema 11% af iðgjaldastofni. Lágmarkstryggingarvernd er miðuð við 40 ára réttindaöflun fyrir jafna greiðslu iðgjalda frá 26 ára aldri.

11.6 Áunnin geymd lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóðnum Lífið og Samvinnulífeyrissjóðnum þann 31.12.2005 skulu varðveisst skv. réttindareglum sem giltu þann dag í hlutaðeigandi lífeyrissjóðum og uppfærist með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð skv. áunnum rétti þann 31.12.2005 fer skv. meginreglu gr. 12.3 og 12.4 eins og sýnt er í Töflu II.

THA
Jó
Vöt
KET
D
Eva
D
Eva

11.7 Áunnin geymd makalífeyrirréttindi sjóðfélaga eðr. aflað var í Stöfum lífeyrissjóði frá 01.01.2006 til 31.12.2009 skulu varðveitt skv. réttindareglum sem þá giltu.

Alid
Jó Vöt GEH
D A OH
E EH

II. KAFLI – SAMTRYGGINGARDEILD

12. gr. Eftirlaunalífeyrir

12.1 Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á eftirlaunalífeyri úr sjóðnum.

12.2 Eftirlaunalífeyrir ákvarðast af því iöggaldi, sem greitt hefur verið til sjóðsins vegna sjóðfélags sbr. þó ákvæði 12.6 og 12.7 um gagnkvæma og jafna skiptingu eftirlaunalífeyrisréttinda. Iöggald veitir réttindi í samræmi við Töflu I. Aldur sjóðfélaga er reiknaður sem aldur í lok þess mánaðar sem iöggaldatímabil telst til.

12.3 Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku eftirlaunalífeyris, áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 60 ára aldri. Skal þá upphæð eftirlaunalífeyris lækka frá því, sem í 12.2 segir, í samræmi við ákvæði Töflu II.

12.4 Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku eftirlaunalífeyris allt til 72 ára aldurs, og hækkar þá upphæð eftirlaunalífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, í samræmi við ákvæði Töflu II.

12.5 Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku eftirlaunalífeyris, skulu réttindi hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri. Hækkun vegna frestunar reiknast á lífeyrisréttindi sem áunnin eru eftir að taka lífeyris hefst samkvæmt Töflu II.

12.6 Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans, sbr. 1. tl. 3. mgr. 14. gr. 1. nr. 129/1997, getur sjóðfélagi ákveðið, að eftirlaunagreiðslur, sem renna eiga til hans, skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrerverandi maka. Skal lífeyrissjóðurinn þá skipa greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagsans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrerverandi maki, sem nýtur slíkra greiðslna, hins vegar á undan sjóðfélaganum, skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagsans.

12.7 Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans, sbr. 2. tl. 3. mgr. 14. gr. 1. nr. 129/1997, getur sjóðfélagi ákveðið, að verðmæti uppsafnaðra eftirlaunalífeyrisréttinda hans og eftir atvikum framtíðar eftirlaunalífeyrisréttindum, skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð eftirlaunalífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrerverandi maka, og skerðast þá eftirlaunalífeyrisréttindi sjóðfélagsans, sem því nemur. Eftirlaunalífeyrir makans skal ákvarðast af mati tryggingafræðings sem miðast við, að heildarskuldbindingar sjóðsins aukist ekki við þessa ákvörðun sjóðfélagsans.

12.8 Samkomulag sjóðfélaga og maka hans, skv. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997, sbr. greinar 10.11, 12.6 og 12.7 í samþykktum þessum, skal eftir því sem við á, fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna eftirlaunalífeyrisréttindi beggja aðila, meðan hjúskapur, staðfest samvist eða óvígð sambúð hefur staðið eða stendur.

13. gr. Örorkulífeyrir

13.1 Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 13.2 og hefur greitt til sjóðsins iöggjold sem nema a.m.k. kr. 135.000, eða greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum sem er jafn hár áunnum eftirlaunalífeyri fram að orkutapi.

JO VET ALTA
BT H
W SUT OTT

13.1.1 Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 15.3 vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélagans síðustu fjölgur almanaksár fyrir orkutapið reiknaðar til úrskurðardags, sbr. gr. 13.4.1 um framrekning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga, er fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyrir fyrir 1. janúar 2006, sbr. einnig gr. 13.4.1. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka breytingum í samræmi við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Tekjur vegna útgreiðslna á viðbótarlífeyrissparnaði skulu ekki tekna með við útreikning tekjumissis og viðmunartekna.

13.2 Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvárd að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álti trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvárdar að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum. Hafi sjóðfélagi verið öryrki er hann hóf iðgjaldagreiðslur í sjóðinn fellur niður réttur til örorkulífeyris sem leiðir af þeirri örorku.

13.2.1 Heimilt er að fengnu álti trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

13.3 Þegar skilyrði 13.1 og þessa töluliðs eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn eftirlaunalífeyrirsrétt samkvæmt 12. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þeirra réttinda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknað samkvæmt 13.4, enda hafi sjóðfélagi:

- a. Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og ekki minna en kr. 34.000 hvert þessara þriggja ára.
- b. Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
- c. Ekki orðið fyrir orkutapi, sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fíkniefna.

13.3.1 Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyrir úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Alta
Juvié EEH
D. J. D. Ett
D. Ett

13.3.2 Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til orkutapsins.

13.3.3 Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau, sem nefnd eru í a-lið 13.3, er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár. Hafi sjóðfélagi hins vegar öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.

13.4 Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 13.3 á framrekningi réttinda, skal sá framrekningur vera sem hér segir:

13.4.1 Reikna skal meðaltal greiddra iðgjalda sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal greiddra iðgjalda 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Hafi sjóðfélagi fyrir orkutapið látið af því starfi sem iðgjöld hans byggðust á, þannig að tekjusaga fortíðar þyki að mati sjóðstjórnar ekki gefa trúverðuga vísbendingu um tekjutap hans í framtíðinni, er sjóðstjórn heimilt að leggja til grundvallar mati á tekjutapi þar sem áætlaðar framtíðartekjur umsækjanda í nýju starfi gildi að hálfu leyti við útreikning á tekjuviðmiði til framreknings á móti hefðbundnum útreikningi framtíðartekna skv. 1. mgr. 13.4.1.

13.4.2 Hafi sjóðfélagi skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal iðgjalda hans öll þau almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal þá miða framrekning við þetta meðaltal.

13.4.3 Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við kr. 34.000 á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja, að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja eða fikniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framrekningstími styttrur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árlegar iðgjaldagreiðslur hafa verið undir viðmiðunarmörkum og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

13.4.4 Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann, að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs, er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, til þess tíma, er orkutap telst hafa orðið, skulu framreknuð verðtryggð iðgjöld aldrei reiknast meiri en þau verðtryggðu iðgjöld, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

THA
JÖVÖT CEX
A
D
EWA
OH

13.5 Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyrir og orkutapið er metið, sbr. þó 13.1.

13.6 Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir, ef orkutap, skv. 13.2 hefur varað skemur en í sex mánuði.

13.7 Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyrir úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

13.8 Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyrir þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

13.9 Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Eftirlaunalífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna réttinda til eftirlaunalífeyris skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, eftirlaunaréttindi vegna iðgjalda, sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs.

14. gr. Makalífeyrir

14.1 Nú andast sjóðfélagi, sem naut eftirlauna- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, eða öðlast rétt til framreiknings skv. gr. 13.3.3 og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lifeyri úr sjóðnum.

14.2 Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal fullur makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins, enda sé barn á framfæri eftirlifandi maka. Sama gildir ef makinn hefur á framfæri sínu barn sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað áður en hann missti starfsorku sína.

14.3 Sé maki a.m.k. 50% öryrki við fráfall sjóðfélaga, skal greiddur fullur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.

14.4 Stofnist réttur til makalífeyris skv. 14.1, 14.2, 14.3 eða 17.2 skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

14.5 Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 14.1 - 14.4 til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

14.6 Fullur makalífeyrir er helmingur af áunnum réttindum til eftirlaunalífeyris. Þegar skilyrði 14.1 um iðgaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna réttinda telja þau réttindi, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 13.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna réttindi frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma,

er makalífeyrir er veittur allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði 13.9 en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við þau iðgjöld, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyrir. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreiknaðra réttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 14.1 um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 17.2.

14.7 Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap eða óvígðri sambúð, sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlát, enda hafi fjárfelagi ekki verið slitið fyrir andlát. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn stofnar til hjúskapar eða óvígðrar sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðari ráðahag eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

15. gr. Barnalífeyrir

15.1 Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, eða notið úr honum örorkulífeyris, eða öðlast rétt til framreiknings skv. gr. 13.3.3, og eiga þá börn hans og kjörboð, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 19 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 19 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélags børnumnum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lifeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

15.2 Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er kr. 8.600 með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Sama rétt hafa börn sjóðfélaga fædd á næstu 10 mánuðum eftir andlát. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við vísitölu, sbr. 11.2. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árlegar iðgjaldagreiðslur, áætlaðar í samræmi við 14.6, eru a.m.k. kr. 55.000. Séu áætlaðar greiðslur lægri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegar iðgjaldagreiðslur eru minni en kr. 27.500.

15.3 Sé sjóðfélaga úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 10 mánuðum þar á eftir, svo og kjörboð, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 15.2. Sé örorka samkvæmt 13. gr. metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður, þótt sjóðfélaginn nái eftirlaunaliþeyrisaldi.

15.4 Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyrir. Skulu lifeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörboð væri að ræða.

15.5 Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

15.6 Öðlist barn rétt til lífeyris úr öðrum lifeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

III. KAFLI – SÉREIGNARDEILD

16. gr. Séreignardeild

16.1 Séreignardeild lýtur sömu stjórn og aðrar deildir sjóðsins. Rekstur séreignardeilda, sem lýtur að varðveislu og ávoxtun iðgjalds skal vera fjárhagslega aðskilinn og ekki niðurgreiddur af annarri starfsemi.

16.2 Þeir sem greiða vilja til séreignardeildarinnar, skulu gera um það skriflegan samning og felst í honum yfirlýsing um, að þeir vilji hlíta samþykktum sjóðsins. Í samningi um viðbótartryggingarvernd og séreignarsparnað skal koma fram nafn og kennitala greiðanda, mánaðarlegt innlegg og hvaða reglur gilda um útborgun og réttindi að öðru leyti. Allir skilmálar varðandi viðbótartryggingarvernd skulu koma fram í samningnum. Greiðslur samkvæmt samningi skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samningur er gerður. Heimilt er að segja samningi upp með tveggja mánaða fyrirvara. Greiði sá sem segir upp samningi, ekki til lágmarkstryggingarverndar lífeyrissjóðsins, tekur uppsögnin þó ekki gildi fyrr en sá sem segir samningi upp hefur sannanlega tilkynnt hana til þess lífeyrissjóðs, sem ráðstafar iðgjaldi hans til lágmarkstryggingarverndar. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda, en um flutning fer eftir samkvæmt gr. 16.9. Greiði aðili ekki iðgjald vegna lágmarkstryggingarverndar til sjóðsins skal leita staðfestingar aðildar viðkomandi launamanns að þeim lífeyrissjóði, sem veitir móttöku iðgjaldi til lágmarkstryggingarverndar.

16.3 Hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, þó aldrei fyrr en rétthafi hefur fullnægt sérstökum viðbótarskilyrðum skv. 16.3.1, 16.3.2, 16.3.3 eða 16.3.4.

16.3.1 Þegar rétthafi er orðinn 60 ára, er heimilt að greiða út lífeyrissparnað ásamt vöxtum hvort heldur sem er í eingreiðslu eða jöfnum greiðslum.

16.3.2 Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100%, á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

16.3.3 Deyi rétthafi áður en innstæðan er að fullu greidd út, fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti rétthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

16.3.4 Ef inneign rétthafa er lægri en 500.000 kr. skal samkvæmt ósk greiða rétthafa hana á skemmri tíma en mælt er fyrir um í 11. gr. laga nr. 129/1997 eða í eingreiðslu óski hann þess. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

16.4 Með jöfnun greiðslum skv. 16.3.1, 16.3.2, 16.3.3 og 16.3.4 er átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára, þannig að rétthafi fái á hverju ári þann hluta af innstæðunni, að meðtoldum vöxtum, sem samsvarar fjölda þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að gera sérstakan samning um mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu. Útborgunin skal þá breytast í

alv
Jó Vít GEH
D J EH
Eva DH

samræmi við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Samningur þessi er að öllu leyti til ákveðins tíma, sbr. skilyrði 16.3.1, 16.3.2, 16.3.3 og 16.3.4 um lágmarkstíma.

16.5 Stjórn sjóðsins er heimilt, að fenginni skriflegri beiðni einstakra rétthafa að draga af inngreiddum iðgjöldum þeirra, upphæð sem svarar til iðgjalds vegna heilsutryggingar. Lífeyrissjóðurinn skal vera aðili að samningum um sliðar tryggingar og komi til greiðslu tryggingafjár til rétthafa skal hún greidd rétthafa í samræmi við 11. gr. laga nr. 129/1997.

16.6 Framlög hvers rétthafa í séreignardeild skulu færð á sérrekning hans. Auk þess skal færa til eignar hjá hverjum rétthafa þær tekjur af vöxtum og verðbótum, sem sjóðnum áskotnast vegna eignar hans í sjóðnum og draga frá rekstrarkostnað.

16.7 Greiðslur reiknast í samræmi við réttindi hvers og eins. Réttindi vegna greiðslna miðast við greiðsludag iðgjalds.

16.8 Ekki verður gerð aðfør að réttindum í séreignardeild og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þatabúi hefur rétt til að skerða réttindin á nokkurn hátt.

16.9 Nú óskar rétthafi eftir að flytja inneign sína til annars aðila og er honum þá heimilt að flytja inneign sína eða réttindi sín, að undangenginni uppsögn til vörluaðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, að frádregnum kostnaði, sem nemur allt að einu prósentri af inneign viðkomandi sjóðfélaga.

16.10 Um heimild til endurgreiðslu lífeyrissparnaðar í séreign til erlendra ríkisborgara gilda ákvæði 4. mgr. 19. gr. l. nr. 129/1997.

Ava
Jó Vök GÉH
J. D. H.
R. E. H.

IV. KAFLI – ÝMIS ÁKVÆÐI

17. gr. Iðgjaldagreiðslur falla niður

17.1 Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessari ástæðu, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

17.2 Réttur til eftirlauna-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd réttindi.

18. gr. Endurgreiðsla iðgjalda

18.1 Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, þegar þeir flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjjasamningi, sem Ísland er aðili að. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta nema á tryggingafræðilega réttum forsendum. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjald ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjjasamningum.

18.2 Endurgreiðslufjárhæðin er tiltekið hlutfall skv. mati tryggingafræðings af þeim iðgjöldum sem innborguð hafa verið vegna viðkomandi sjóðfélaga, verðbættum með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar til greiðsludags.

18.3 Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem náð hafa 70 ára aldri, sbr. 10.1 og 11.4, skal hann endurgreiða sjóðfélaga og launagreiðenda iðgjaldahluta þeirra. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvívar á ári.

19. gr. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

19.1 Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum samþykktu þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slikir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

20. gr. Tilhögun lífeyrisgreiðslna

20.1 Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Umsókn telst ekki móttokin fyrr en öll tilskilin fylgigögn hafa borist sjóðnum og gildir yngsta móttökudagsetning. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur.

20.2 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. kr. 2.500 á mánuði, og fyrirsjánlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá

stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings. Viðmiðunararfárhæð þessi breytist á lega í hlutfalli við breytingu á vísítölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísítölu 327,9 stig.

21. gr. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris

21.1 Réttur til lífeyris verður eigi af hendi láttinn né veðsettur.

21.2 Hafi lífeyrisþegi vísvitandi eða svíksamlega gefið rangar upplýsingar um starfsorku sína, tekjur, eða önnur atriði sem skipta máli við ákvörðun bóta er stjórn sjóðsins heimilt að krefja hann um endurgreiðslu á áður ofgreiddum lífeyri, ásamt vanskilavöxtum þeim er Seðlabanki Íslands heimilar innlánssstofnunum hæst að taka.

22. gr. Málsmeðferð og gerðardómur

22.1 Um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart lífeyrissjóðnum gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku.

22.2 Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélaga, einum tilnefndum af sjóðnum og oddamanni tilnefndum af Fjármálaeftirlitinu. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er skyld að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Gerðardómurinn skal hafa lokið við að leggja dóum innan eins mánaðar frá því að öll gögn eru fram komin í máli. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

23. gr. Eftirlit

23.1 Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og 87/1998.

24. gr. Samningar við tryggingafélög um heilsutryggingar

24.1 Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við tryggingarfélag um heilsutryggingar fyrir einstaka hópa rétthafa, enda komi til sérstakt iðgjald vegna tryggingarinnar og greiðslu kostnaðar, sem til kann að falla vegna hennar, þannig að slík þjónusta greiðist ekki af iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar.

25. gr. Breytingar á samþykktunum

25.1 Tillögur sjóðfélaga um breytingar á samþykktum þessum má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins fyrir lok janúar. Stjórn sjóðsins skal, fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund senda aðildarfélögum sjóðsins, aðildarfyrirtækjum skv. gr. 4.1 og SA tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg athugun á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins.

*Jó vst GEFH
DMS DHL*

Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum samkvæmt samningi milli ASÍ og SA um lifeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísa frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.

25.2 Tillaga að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðanna, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórna, verða einungis teknar fyrir á ársfundi að fengnu samþykki aðildarfélaga viðkomandi lífeyrissjóðs.

25.3 Stjórн lifeyrissjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins án þess að bera þær undir ársfund eins og mælt er fyrir um í gr. 25.4, ef þær leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða. Ef stjórн sjóðsins nýtir heimild samkvæmt ofangreindu skal hún gera grein fyrir henni á næsta ársfundi.

25.4 Breytingar á samþykktum þessum taka því aðeins gildi að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta atkvæðisbærra fulltrúa á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

V. KAFLI – GILDISTAKA

26. gr. Gildistaka

26.1 Samþykkir þessar voru staðfestar á ársfundi Stafa lífeyrissjóðs 19. maí 2016. Þær öðlast gildi þegar ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og ákvæðum gildandi samþykktta fyrir lífeyrissjóðinn að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

David Hafsteinsson
Guðr. Elva Hjörleifsdóttir
Jónas Þór Jónasson
Anna Guðr. Þorsteinsdóttir
Inga Þóra Ólafsdóttir
Óða Sigurðardóttir
Einar Þorsteinsson
Óður Ólafsson



VI. KAFLI – BREYTINGAR Á ÁUNNUM RÉTTINDUM OG ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

27. gr. Breytingar á áunnum réttindum

Yfirlit um sérstakar breytingar á áunnum lífeyrisréttindum eftir gildistöku samþykkt Stafa lífeyrissjóðs hinn 1. janúar 2006, samþykktar á ársfundum sjóðsins, skv. greinum 8.3.

1. 1. janúar 2008 voru réttindi allra þeirra sjóðfélaga sem réttindi áttu í Sameignardeild stigakerfi Samvinnulífeyrissjóðsins 31.12.2005 hækkuð um 0,724% við uppgjör og slit uppþótarsjóðs sem skilgreindur var í samþykktum Stafa lífeyrissjóðs.
2. Samþykkt var á ársfundi 19.05.2009 að lækka öll áunnin réttindi um 6%.
3. Samþykkt á ársfundi 27.05.2010 að lækka áunnin réttindi sjóðfélaga 31.12.2009 um 10%. Lækkunin komi til framkvæmda í fjórum skrefum; 2,5% 1. júlí 2010, 2,5% 1. október 2010, 2,5% 1. janúar 2011, 2,5% 1. apríl 2011.
4. Ársfundur Stafa lifeyrissjóðs þann 22. maí 2013 samþykkir að áunnin lífeyrisréttindi í árslok 2012 og lífeyrir sem byggir á réttindum sem aflað var fyrir árslok 2012 verði lækkuð á næstu 48 mánuðum frá 1. júlí 2013 þar til fullt jafnvægi næst á milli eigna og áfallinna skuldbindinga sjóðsins.

Á hverju tólf mánaða tímabili frá 1.júlí til 30. júní ár hvert á viðmiðunartímabilinu skal lækka réttindi svo mismunur eigna og skuldbindinga samkvæmt síðustu tryggingafræðilegu athugun dragist saman um fjórðung á fyrsta árinu, þriðjung á öðru árinu, helming á þriðja árinu og fullum jöfnuði verði náð á fjórða árinu, en þó þannig að ákvæði gr. 8.3. verði ávallt uppfyllt í lok hvers almanaksárs, í fyrsta sinn í árslok 2014.

28. gr. Ákvæði til bráðabirgða

1. Þrátt fyrir nýtt ákvæði í grein 5.1. skal á ársfundi Stafa 2016 heimilt að víkja frá grunnreglunni um að fulltrúar launamanna og fulltrúar atvinnurekanda tilnefni jafnmarga stjórnarmenn af hvoru kyni til aðal- og varastjórnar ef tryggt er að rétt kynjahlutföll eru uppfyllt við skipan stjórnar í heild sinni.
2. Kjör til stjórnar og fulltrúaráðs launamanna, sem og kjörnefndar launamanna, samkvæmt breytingartillögum þessum, skal fyrst fara fram fyrir ársfund sjóðsins 2017. Við það tækifæri skulu allir þessir trúnaðarmenn í stjórn sjóðsins og fulltrúar launamanna í fulltrúaráði kjörnir til 3ja ára í samræmi við breytt fyrirkomulag um lengd kjörtímabila og að öll stjórn skuli kjörin eða tilnefnd á sama ársfund. Kjörnefnd er hins vegar aðeins kjörin til 2ja ára nú í fyrsta sinn, en eftir það til 3ja ára, til að tryggja endurnýjun hennar til 3ja ára ári fyrir stjórnarkjör sjóðsins. Samþykkt tillögu þessarar felur það í sér að bundinn er endir á kjörtímabil þeirra stjórnarmanna, og fulltrúarráðsmanna og kjörnefndarmanna launamanna, sem ná til lengra tímabils en til ársfundar sjóðsins árið 2017. Jafnframt falla niður frá sama tímamarki ákvæði um varamenn í stjórn, og fulltrúaráði og kjörnefnd launamanna.

Tatjana
JV
Vöt
St
PDH
EFTT
Ent

VII. KAFLI – TÖFLUR

Tafla I

Taflan sýnir árlegan eftirlaunálífeyrisrétt við 67 ára aldur fyrir 10.000 kr. ársiðgjald. Gert er ráð fyrir mánaðarlegum greiðslum iðgjalds. Aldur sjóðfélaga er reiknaður sem aldur í lok þess mánaðar sem iðgjaldatímabil telst til.

Eftirlaunálífeyrir réttindi Eftirlaunálífeyrir- miðað við samfelldar iðgjaldagreiðslur hvers fram til 67 ára aldurs	Eftirlaunalífeyris- réttindi fyrir iðgjald hvers árs	Eftirlaunálífeyrir réttindi miðað við samfelldar iðgjaldagreiðslur fram til 67 ára aldurs árs
16	83.912	3.502
17	80.409	3.425
18	76.984	3.307
19	73.677	3.162
20	70.515	3.026
21	67.489	2.897
22	64.592	2.775
23	61.817	2.659
24	59.158	2.548
25	56.610	2.444
26	54.166	2.345
27	51.820	2.251
28	49.569	2.164
29	47.405	2.080
30	45.325	2.001
31	43.324	1.927
32	41.397	1.857
33	39.540	1.791
34	37.749	1.729
35	36.021	1.670
36	34.350	1.616
37	32.735	1.564
38	31.170	1.515
39	29.655	1.470
40	28.185	1.427
41	26.758	1.387

Réttindaauka meðaltal fyrir aldursárin 25 til 64 að báðum meðtöldum er kr. 1.379

Tafla II

Flýting	% pr. mán.	% árið	% frá 67
milli 60 og 61	0,40	4,8	46,2
milli 61 og 62	0,45	5,4	41,4
milli 62 og 63	0,50	6,0	36,0
milli 63 og 64	0,55	6,6	30,0
milli 64 og 65	0,60	7,2	23,4
milli 65 og 66	0,65	7,8	16,2
milli 66 og 67	0,70	8,4	8,4
Frestun	% pr. mán.	% árið	% frá 67
milli 67 og 68	0,55	6,6	6,6
milli 68 og 69	0,60	7,2	13,8
milli 69 og 70	0,70	8,4	22,2
milli 70 og 71	0,80	9,6	31,8
milli 71 og 72	0,90	10,8	42,6

alda
 fó
 CTH
 D
 J
 Vöt
 EINH
 D
 A

Tafla III

Eingreiðslutafla – árlegur eftirlaunálfeyrir réttur fyrir 10.000 kr. iðgjald.
Ekki er réttur til framreiknings örorku- og makalífeyris og ekki sjálfstæður réttur til barnalífeyris.
Taflan sýnir réttindi m.v. aldur í heilum árum á greiðsludegi, notuð skal hlutfallsleg nálgun m.v. aldur í mánuðum á greiðsludegi.

16	3.663	42	1.628
17	3.540	43	1.582
18	3.420	44	1.537
19	3.303	45	1.493
20	3.192	46	1.450
21	3.086	47	1.408
22	2.985	48	1.368
23	2.888	49	1.328
24	2.796	50	1.289
25	2.707	51	1.251
26	2.622	52	1.214
27	2.541	53	1.177
28	2.463	54	1.140
29	2.388	55	1.105
30	2.316	56	1.070
31	2.248	57	1.035
32	2.181	58	1.001
33	2.117	59	967
34	2.055	60	934
35	1.996	61	901
36	1.937	62	868
37	1.882	63	835
38	1.828	64	803
39	1.776	65	770
40	1.725	66	730
41	1.676		

þó ÞA
jó ÞA
VÍT EWT DFT